

1. fundur hreppsnefndar Árneshrepps haldinn í skrifstofu hreppsins, þriðjudaginn 30. janúar 2018, kl. 12:30.

Mætt eru til fundarins hreppsnefndarmenn, Eva Sigurbjörnsdóttir oddviti Djúpavík, Ingólfur Benediktsson varaoddviti Ánesi 2, Hrefna Þorvaldsdóttir Ánesi 2, Bjarnheiður Fossdal Melum 1 og Guðlaugur Ágústsson Steinstúni.

Á fundinn eru einnig mætt Bogi Kristinsson Magnusen skipulagsfulltrúi, Erla Bryndís Kristjánsdóttir og Jón Jónsson lögmaður.

Einnig almennir gestir.

Oddviti ber upp tillögu um að Jón Jónsson riti fundargerð. Ekki eru gerðar athugasemdir og er Jóni falið að skrá niður fundargerð.

Dagskrá fundarins:

1. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025. Umfjöllun um tillögu og afstaða til umsagna og athugasemda.
2. Tillaga að deiliskipulagi vegna Hvalárvirkjunar. Umfjöllun um tillögu og afstaða til umsagna og athugasemda.
3. Erindi frá Sigurði Gísla Pálmasyni, framhald umræðu.

1. Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025. Umfjöllun um tillögu og afstaða til umsagna og athugasemda.

Tillaga borin upp af Ingólfi og Hrefnu um að fresta afgreiðslu aðalskipulagsbreytingar og deiliskipulagsbreytingar vegna þess að ekki liggja fyrir allar forsendur fyrir þessari ákvarðanatöku.

Tillagan er borin upp undir atkvæði. Tillagan er felld með þremur atkvæðum ES, BJF og GÁ. Atkvæði greiddu með tillögunni IB og HP.

Að lokinni auglýsingu er lögð fram tillaga um breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 varðandi Hvalárvirkjun. Breytingin felur í sér ítarlegri ákvæði um undirbúning hönnunar og byggingu Hvalárvirkjunar. Eftirtaldir aðilar sendu inn umsagnir:

- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Fiskistofa
- Umhverfisstofnun
- Ferðamálastofa
- Orkustofnun
- Veðurstofa Íslands

- Vegagerðin
- Landsnet
- Landvernd
- Strandabyggð
- Ísafjarðarbær
- Náttúrufræðistofnun

Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir.

- Gunnar Njálsson
- Valgeir Benediktsson
- Þór Saari
- Ingibjörg Valgeirsdóttir
- Níels Níelsson
- Pétur Guðmundsson
- Rakel Valgeirsdóttir
- Rjúkandi
- Ungir umhverfissinnar
- Elín Agla Briem
- Landeigendur Seljanesi
- Oddný Eir Ævarsdóttir
- Sigurður Pálmason
- Svanlaug Sigurðardóttir
- Tómas Guðbjartsson

Einnig er lagt fram minnisblað, unnið af Verkís, dags. 18.12.2017, þar sem fram kemur sundurliðun umsagna og athugasemda og afstaða til þeirra.

Boga skipulagsfulltrúa er falið að fjalla um skipulagsferlið. Bogi fer yfir stöðu skipulagsferlisins.

Erlu Bryndísi er falið að fara yfir framkomnar umsagnir og athugasemdir og afstöðu til þeirra. Erla fer yfir málið á grunni fyrirbyggjandi gagna.

Oddviti fer yfir málið leggur fyrir fundinn drög að bókun:

„Tillaga um breytingu á aðalskipulagi Árneshrepps 2005-2025 varðandi Hvalárvirkjun, auglýst 1.9.2017, skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er samþykkt með breytingum sem liggja fyrir fundinum. Jafnframt er afstaða til umsagna og athugasemda sem fram kemur undir lið 3.7., bls. 8-75, á minnisblaði Verkís, dags. 18.12.2018 samþykkt af hreppsnefnd.“

Oddviti gefur orðið laust.

IB og HP óska eftir að leggja fram bókun um afstöðu þeirra.

„Breytt tillaga liggur fyrir á 98 síðna yfirliti gerðu af Verkís fyrir Vesturverk, auk 120 síðna minnisblaðs sama aðila dags. 18. desember 2017 um umsagnir og athugasemdir sem við höfum kynnt okkur.

Ljóst er af kafla 3.6 í minnisblaði Verkíss og umræðum að hreppsnefndarmenn sýnast nú sammála um, að aðrir raunhæfir kostir komi til greina en að reisa Hvalárvirkjun, og að samfélagsleg áhrif séu ómetin. Afgreiðsla tillögu til aðalskipulagsbreytingar er því ótímabær að okkar mati og vísum við nánar til minnisblaðs okkar undirritaðs í dag, merkt A, dags. 30. janúar 2018.

Við erum ósátt við margt sem fram kemur efnislega í framangreindum gögnum og ekki síður við málsmeðferðina og leggjum fram með bókun þessari minnisblað okkar, merkt B, dags. 30. janúar 2018.

Óskum við eftir að minnisblöð A og B fylgi afgreiðslu hreppsnefndar til Skipulagsstofnunar.“

Umræður um málið. Til máls tóku IB, HP, oddviti, GÁ og BJF.

Tillaga oddvita er borin undir atkvæði:

Samþykkir eru ES, GÁ og BJF. Á móti eru IB og HP. Tillagan er samþykkt.

2. Tillaga að deiliskipulagi vegna Hvalárvirkjunar. Umfjöllun um tillögu og afstaða til umsagna og athugasemda.

Að lokinni auglýsingu er lögð fram tillaga að deiliskipulagi varðandi Hvalárvirkjun. Eftirtaldir aðilar sendu inn umsagnir:

- Skipulagsstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða
- Fiskistofa
- Minjastofnun
- Umhverfisstofnun
- Ferðamálastofa
- Náttúrufræðistofnun
- Orkustofnun
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðin
- Landsnet
- Landvernd
- Strandabyggð
- Ísafjarðarbær

Eftirtaldir aðilar sendu inn athugasemdir.

- Valgeir Benediktsson
- Níels Níelsson
- Rjúkandi
- Elín Agla Briem
- Landeigendur Seljanesi
- Oddný Eir Ævarsdóttir
- Sigurður Pálmason
- Svanlaug Sigurðardóttir
- Tómas Guðbjartsson

Einnig er lagt fram minnisblað, unnið af Verkís, dags. 18.12.2017, þar sem fram kemur sundurliðun umsagna og athugasemda og afstaða til þeirra.

Boga skipulagsfulltrúa er falið að fjalla um skipulagsferlið. Bogi fer yfir stöðu skipulagsferlisins.

Erlu Bryndísi er falið að fara yfir framkomnar umsagnir og athugasemdir og afstöðu til þeirra. Erla fer yfir málið á grunni fyrirbyggjandi gagna.

Oddviti leggur fyrir fundinn drög að bókun:

„Tillaga að deiliskipulagi varðandi Hvalárvirkjun, auglýst 1.9.2017 skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, er samþykkt með breytingum sem liggja fyrir fundinum. Jafnframt er afstaða til umsagna og athugasemda sem fram kemur undir lið 3.7., bls. 76-120, á minnisblaði Verkís, dags. 18.12.2018 samþykkt af hreppsnefnd.“

Umræður um málið. Til máls tóku IB, ES

IB og HP óska eftir að leggja fram bókun um afstöðu þeirra.

„Breytt tillaga liggur fyrir á 80 síðna yfirlit gerð af Verkís fyrir Vesturverk, auk 120 síðna minnisblaðs sama aðila dags. 18. desember 2017, um umsagnir og athugasemdir, sem við höfum kynnt okkur.

Ljóst er af kafla 3.6 í minnisblaði Verkíss og umræðum að hreppsnefndarmenn sýnast nú sammála um, að aðrir raunhæfir kostir komi til greina en að reisa Hvalárvirkjun, og að samfélagsleg áhrif séu ómetin. Afgreiðsla deiliskipulagstillögu er því ótímabær að okkar mati og vísun við nánar til minnisblaðs okkar, merkt A dags. 30. janúar 2018.

Við erum ósátt við margt sem fram kemur efnislega í framangreindum gögnum og ekki síður við málsmeðferðina og leggjum fram með bókun þessari minnisblað okkar merkt B, dags. 30. janúar 2018.“

Ekki voru frekari umræðu um málið.

Tillaga oddvita er borin undir atkvæði:

Samþykktir eru ES, GÁ og BJF. Á móti eru IB og HP. Tillagan er samþykkt.

3. Erindi frá Sigurði Gísla Pálmasyni, framhald umræðu.

Fjallað er um erindi Sigurðar Gísla Pálmasonar einkum varðandi þann þátt sem varðar kostun á valkostagreiningu.

Umræður um málið: Til málstóku ES, HP, GÁ og IB.

Oddviti les áskorun stjórnar náttúruverndarsamtakanna Rjúkanda, dags. 23. janúar 2018, til hreppsnefndar Árneshrepps, upp fyrir fundinn.

IB og HP óska eftir að leggja fram bókun um afstöðu þeirra.

„Með vísan til gagna og bókunar okkar undir liðum 1 og 2 á dagskrá fundarins, minnisblaðs merkt A, og til áskorunar náttúruverndarsamtakanna Rjúkandi frá 23. janúar 2018, sem liggur fyrir fundinum, teljum við einboðið að hreppsnefndarmenn samþykki að láta áður en lengra er haldið fara fram mat á þeim valkostum er felast í að vernda, m.a. það landsvæði sem ella færi undir virkjanavegi, lón efnistöku og stíflur, með óafturkræfri eyðileggingu óbyggðra víðerna og röskun stöðuvatna og fossa sem verndar njóta lögum samkvæmt. Engin goðgá er að bíða með mikilsverðar skipulagsákvæðanir þá 2-3 mánuði sem slíkt mat tæki.“

EB kynnir nánar áætlanir um framhald skipulagsvinnu m.a. varðandi samfélagsrannsókn.

Oddviti leggur til eftirfarandi tillögu:

„Boð Sigurðar Gísla um kostun á valkostagreiningu er afþakkað að svo stöddu. Að öðru leyti er vísað til afgreiðslu erindisins undir liðum 1 og 2 í fundargerð.“

Tillaga oddvita er borin undir atkvæði:

Tillaga um höfnun erindisins er samþykkt af ES, GÁ og BJF. Á móti eru IB og HP. Tillagan er samþykkt.

GÁ óskar eftir að bókað verði um afstöðu hans.

„Ég segi nei því ég hef ekki í höndum neitt umboð frá eigendum jarða og mannvirkja í Árneshreppi til að láta meta hvort firðlýsa eigi eða stofna einhverskonar verndarsvæði úr þessum eignum fólks. Bendi á að þetta eru þinglýstar eignir ekkert síður en einbýlishús í Reykjavík og ef af einhverju svona yrði myndi það breyta umráðarétti fólks á þessum eignum. Best er því fyrir þá sem eru með svona hugmyndir að snúa sér beint til eigenda lands og annarra eigna í Árneshreppi.“

Fleira er ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:20. Fundargerð lesin upp og undirrituð.